



Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd

44. fundur skipulags- og umhverfisnefndar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2 Þórshöfn, þriðjudaginn 9. september 2025. Fundur var settur kl. 14:00

Mættir voru: Hildur Stefánsdóttir formaður, Þorri Friðriksson, Sigtryggur Brynjar Þorláksson, Þórir Jónsson og Björn S. Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð – svo var ekki og fundur því settur.

Fundargerð

1. Ósk um að gera fiskveg í Litlu-Kverká í Miðfirði

01.1 Umsögn Hafrannsóknarstofnunar

01.3 Umsögn Fiskistofu

Gísli Ásgeirsson f.h. Six Rivers leggur fram beiðni um gerð fiskvegar í Kverká í Miðfirði samkvæmt meðfylgjandi lýsingu.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leiti og felur sveitarstjóra að gefa út framkvæmdaleyfi.

Samþykkt samhljóða.

2. Merkjalyking fyrir Pálmholt 9-15

Lögð fram merkjalyking fyrir raðhúsið Pálmholt 9-15

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir meðfylgjandi merkjalykingu og felur sveitarstjóra að gera lóðasamning við íbúa ásamt því að skrá lóðir hjá HMS.

Samþykkt samhljóða.

3. Tillaga að heildarendurskoðun deiliskipulags „Skóla og Íþróttamiðstöð á Þórshöfn“

Lög fram skipulagslýsing um fyrirhugað deiliskipulag, Skóla- og Íþróttamiðstöð á Þórshöfn. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og forsendum skipulagsins. Um er að ræða heildarendurskoðun á skipulagi reitsins.

Bókun um afgreiðslu: Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir skipulagslýsinguna með fyrirvara um breytingu á skipulagsmörkum við Langanesveg 12-14 og leggur til við sveitarstjórn að lýsingin verði kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagala nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

04.1 Tilnefningar til snyrtilegasta býlisins.



LANGANESBYGGÐ

Eftirfarandi tilnefningar hafa borist:

Sveinungsvík

Hagaland

Syðri Brekkur II

Bókun um afgreiðslu: Nefndin mun skoða þær tilnefningar sem bárust og ákveða í framhaldinu val á snyrtilegasta býlinu í Langanesbyggð.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 14:35.